

Stjórnarfundur FEB nr. 518 þriðjudaginn 2. des. 2025

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir (í fjarfundi), Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Kristinn Eiríksson og Guðrún Ósk Jakobsdóttir.

Mættir varamenn: Bjarni Bjarnason og Fanney S. Jóhannsdóttir

Fjarverandi: Guðrún Bergmann, Kristján Guðmundsson og Sigrún Unnsteinsdóttir

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Umræður um opnun Bjargs íbúðafélags hses fyrir eldra fólk

Til fundarins mætti Þorbjörn Guðmundsson stjórnarmaður í Bjargi íbúðafélagi hses.

Í dag geta þeir einir sótt um hjá Bjargi sem eru á vinnumarkaði. Engu að síður geta þeir búið í íbúðunum um ótakmarkaðan tíma eftir að þátttöku á vinnumarkaði líkur. Til umræðu hefur komið að opnað verði fyrir möguleika fólks, sem hætt er á vinnumarkaði, til að sækja um íbúðir á vegum Bjargs. Lög Bjargs setja tekjuramma um hverjir hafa möguleika á að sækja um íbúðir. Hann er það rúmur að það mun ekki setja miklar skorður varðandi umsóknir. Miðað er við að leiga fyrir íbúðir verði ekki hærri en um 25-30% brúttótekna (tekna fyrir skatt). Verið er að skoða möguleika á lóðum fyrir byggingu slíkra íbúða. Þorbjörn óskaði eftir afstöðu FEB varðandi þá möguleika að opnað verði fyrir aðgengi eldra fólks, sem hætt er á vinnumarkaði, að Bjargi út frá fyrrgreindri umræðu.

Formaður FEB lýsti ánægju sinni yfir þeirri umræðu sem Þorbjörn kynnti. Það er stefnumál FEB að fjölga möguleikum á leiguíbúðum fyrir tekjulágt eldri fólk á ásættanlegu verði. Stjórnarmenn tóku undir afstöðu formanns.

Spurt var um hvort íbúðum sem byggðar yrðu í þessu skyni fyrir eldri borgara yrði haldið sér. Þorbjörn staðfesti að svo yrði.

Þorbjörn óskaði eftir afstöðu FEB til þess, að fyrirheit um lóðir til LA færðust til Bjargs ef af þessum breytingum yrði. Stjórn FEB tók vel í það.

Þorbjörn yfirgaf fundinn. Ástrún yfirgaf einnig fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð

3. Fréttir frá formanni FEB.

Formaður FEB fór yfir helstu mál sem hann hefur unnið að frá síðasta fundi og það sem fram undan er.

- Í nóvember kallaði lögreglan saman undirbúningsfund fyrir Landsamráðsfund um ofbeldi sem halda á í mars 2026. Formaður og framkvæmdastjóri FEB mættu á fundinn.
- Formaður hefur, ásamt formanni LEB, vakið athygli á umræðunni um ofbeldi gagnvart eldri borgurum með greinarskrifum. Viðbrögð hafa verið góð. Komið hefur fram áhugi hjá RÚV að fjalla frekar um þetta málefni.
- Upplýsingar hafa borist frá Kvennaathvarfinu um að fleiri samtöl hafi borist til þeirra varðandi stöðu eldra fólks eftir málþingið.
- Formaður FEB, sem jafnframt er varaformaður LEB mun mæta ásamt formanni LEB á fund félagsmálaráðherra mánudaginn 8. des. þar sem farið verður yfir helstu áherslumál eldra fólks. Beðið hefur verið eftir þessum fundi frá því í október.
- Formaður mætir á fund velferðarnefnd Alþingis á morgun 3. des varðandi greiðslu jólabónusar til eldra fólks. Þar verður m.a. lögð áhersla á að hann verði einnig greiddur til þeirra sem búa erlendis.
- Á morgun, 3. des. mun hann einnig mæta á fund hjá Velferðarráði Reykjavíkurborgar þar sem kynnt verður niðurstaða Félagsvísindastofnunar HÍ á einangrun eldra fólks. Jafnframt fer þar fram kynning á áhrifum stafrænnar umbreytingar í öldrunarþjónustu auk annarra kynninga.
- Formaður upplýsti að á fundi með fjárlaganefnd síðar í vikunni verður meðal annars rætt um framtíð þeirra styrkja sem LEB hefur fengið undanfarin ár.

4. LEB og norrænt samstarf

LEB mun taka þátt í norrænu samstarfi er varðar hagsmuni eldra fólks. Leitað verður eftir styrk frá NORA sem er ríkjasamstarf sem nær til Grænlands, Íslands, Færeyja og strandhéraða Noregs og heyrir undir samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar um byggðastefnu. Vegna veikinda hjá LEB tóku kynningarfundinn formaður FEB (og varaformaður LEB) og framkvæmdarstjóri FEB fyrir hönd LEB.

Tilgangur fundarins var að kynnast, skiptast á upplýsingum um áherslusvið og reynslu í starfi sem miðar að því að þróa og ræða ýmsar hugmyndir um sameiginlegt verkefni ætlað eldra fólki.

Rætt var á fundinum að áherslusvið Íslands yrði „Ofbeldi gagnvart eldra fólki“. Greiðsla kostnaðar vegna þessa samstarfs verður greitt af NORA.

5. Starf nefnda frá síðasta stjórnarfundum

Húsnæðisnefnd: Velferðarráð Reykjavíkurborgar boðaði þann 19. nóv. fulltrúa húsnæðisnefndar FEB, ásamt 11 fulltrúum annarra félaga, til þemafundar um húsnæðismál. Mikil og góð umræða var á fundinum.

Ferðanefnd er á fullu að skipuleggja ferðir næsta árs, því skipulag þeirra þarf að klárast í síðasta lagi í febrúar 2026.

Ritnefnd hélt fyrsta fund fyrir skömmu og hóf með því starf sitt við útgáfu blaðs félagsins – Félagstíðinda – sem koma á út í mars 2026. Atli Rúnar Halldórsson hefur verið ráðinn ritstjóri blaðsins. Aðalþema Félagstíðinda 2026 er 40 ára afmæli FEB, en félagið verður 40 ára 15. mars 2026.

6. Dagsetning aðalfundar og undirbúningur

Á áætlun er að halda aðalfund FEB miðvikudaginn/fimmtudaginn 25./26. febrúar n.k. Nokkur atriði vegna undirbúnings fundarins:

- a. Framkvæmd rafrænna kosninga (eftirfylgni tillögu frá síðasta aðalfundi)
- b. Hækkun árgjalds
- c. Tillögur að lagabreytingum
- d. Hvar á að halda fundinn?
- e. Fundarstjóri aðalfundar

7. Umsagnir vegna framkominna mála á Alþingi

Rætt um framlögð frumvörp sem hefur verið vísað til félagsins til umsagnar. Formaður og framkvæmdastjóri koma afstöðu FEB áfram til viðkomandi nefnda Alþingis.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:15

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

GUÐRÚN BERGMANN
FANNGY. S. JÓHANNSON
Stj. Hj. Stj.
Gunnlaugur Auðunn Júlíusson
Stj.
GUÐRÚN ÓSK JAKOBSDÓTTIR